



Fundur í sveitarstjórn

63. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn fimmtudaginn 27. apríl 2017 og hófst kl. 17:00.

Mætt voru: Hulda Kristín Baldursdóttir, varaoddviti, Þorsteinn Ægir Egilsson, Sóley Indriðadóttir, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Björn Guðmundur Björnsson, Steinunn Leósdóttir, Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson og Jónas Egilsson sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá

1. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, nr. 849, dags. 31. mars 2017
2. Fundargerð 28. fundar fræðslunefndar, dags. 4. apríl 2017
3. Fundargerð samreksturs Svalbarðshrepps og Langanesbyggðar, 19. apríl 2017
4. Fundargerð 24. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, 24. apríl 2017
5. Fundargerð 294. fundar stjórnar Eyþings, dags. 19. apríl 2017
6. Ályktun ungmennaráðstefnu UMFÍ 2017
7. Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings, dags. 30. desember 2016
8. Málþing Sambands íslenskra sveitarfélaga um innleiðingu sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks þriðjudaginn 16. maí 2017
9. Lánasjóður sveitarfélaga, tilkynning um arðgreiðslu, dags. 19. apríl 2017
10. Erindi frá Marinó Jóhannssyni, dags. 23. apríl 2017
11. Aðalfundur Fjallalambs 29. apríl nk. fundarboð, dags. 18. apríl 2017
12. Ljósleiðavæðing Langanesbyggðar
13. Ársreikningur 2016 – Fyrri umræða
14. Skýrsla sveitarstjóra
15. U-listinn, fyrirspurnir og upplýsingar



Fundargerð:

1. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, nr. 849, dags. 31. mars 2017

Fundargerðin lögð fram.

2. Fundargerð 28. fundar fræðslunefndar, dags. 4. apríl 2017

Fundargerðin lögð fram.

3. Fundargerð samrekesturs Svalbarðshrepps og Langanesbyggðar, 19. apríl 2017

Fundargerðin lögð fram.

Til máls tók Elías Pétursson.

4. Fundargerð 24. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, 24. apríl 2017

Fundargerðin lögð fram.

Liður 1. Umsókn um stöðuleyfi fyrir gróðurhús á Bakkafirði

Málið varðar ósk Björns Guðmundar Björnssonar f.h. Mónakó ehf um stöðuleyfi vegna gróðurhúss í bithaga norðaustan við enda Kötlnesvegur, u.þ.b. 150 metra frá húsinu Sólbakka. Um er að ræða stöðuleyfi til eins árs.

Björn Guðmundur lýsti sig vanhæfan vegna þessa liðar. Samþykkt.

Til máls tók Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Sveitarstjóra er falið að grenndarkynna verkefnið lóðarhöfum við Kötlnesveg. Ef ekki berast athugasemdir er sveitarstjóra heimilað að gefa út stöðuleyfi.

Samþykkt samhljóða.

Liður 2. Umsókn Steinunnar Leósdóttur og Friðriks Jónssonar að byggja bílskúr að Bakkavegi 5, Þórshöfn

Málið varðar ósk eigenda Bakkavegar 5 um að byggja bílskúr á lóðinni. Grenndarkynning hefur farið fram án athugasemda.

Steinunn Leósdóttir lýsti sig vanhæfa vegna þessa liðar. Samþykkt.

Til máls tók Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur byggingarfulltrúa útgáfu viðeigandi leyfa.

Samþykkt samhljóða.



Liður 3. Umsókn Gistiheimilisins Lyngholts ehf., dags 3. apríl 2017

Málið varðar erindi í fjórum liðum vegna ýmissa bygginga og breytinga að Langanesvegi 10 og 12. Liðir a – *Jöklahús í stað núverandi bílskúrs*, b – *Starfræksla gistirýmis að Langanesvegi 10* og c – *Leyfi til að færa sólpall við Lyngholt* hafa verið grenndarkynntir og liggur samþykki íbúa fyrir.

Til máls tók Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur byggingarfulltrúa eftir atvikum útgáfu viðeigandi leyfa vegna liða a til c.

Samþykkt samhljóða.

Liður 5. Umsókn um stöðuleyfi fyrir gám við Hálsveg 10

Málið varðar umsókn eiganda húseignarinnar að Hálsvegi 10 um stöðuleyfi fyrir gám á tímabilinu 24. þessa mánaðar til og með 30. ágúst 2017

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

5. Fundargerð 294. fundar stjórnar Eyþings, dags. 19. apríl 2017

Fundagerðin lögð fram.

Liður 5, k.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur undir með stjórn Eyþings varðandi bókun Bæjarráðs Akureyrar frá 5. janúar sl.

„Í höfuðborg Íslands er eina hátækisjúkrahús landsins. Það er því lífsnauðsynlegt að þangað sé ávallt greið leið með sjúklinga hvort sem er af höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðunum. Lokun Neyðarbrautarinnar svokölluðu á Reykjavíkflugvelli hefur leitt til þess að sjúkraflugvélar hafa ekki getað lent í Reykjavík né annars staðar á Suðvesturhorninu með alvarlega veika einstaklinga, sem hafa þurft á bráðnauðsynlegri umönnun að halda á þessu eina hátækisjúkrahúsi okkar landsmanna. Það er því ófrávíkjanleg krafa bæjarráðs Akureyrarkaupstaðar að Neyðarbraut Reykjavíkflugvallar verði opnuð aftur þar til önnur og jafngóð lausn finnst. Bæjarráð skorar á Borgarstjórn Reykjavíkurborgar, innanríkisráðherra og Alþingi að stuðla að því að svo geti orðið.“

6. Ályktun ungmennaráðstefnu UMFÍ 2017

Ályktunin lögð fram.



7. Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings, dags. 30. desember 2016

Lagt fram.

8. Málþing Sambands íslenskra sveitarfélaga um innleiðingu sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks þriðjudaginn 16. maí 2017

Lagt fram.

9. Lánasjóður sveitarfélaga, tilkynning um arðgreiðslu, dags. 19. apríl 2017

Lagt fram.

Til máls tók Elías Pétursson.

10. Erindi frá Marinó Jóhannssyni, dags. 23. apríl 2017

Fram er lagt erindi frá Marinó Jóhannssyni bónda í Tunguseli, erindinu fylgir fjallskilasamþykkt fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar að mörkum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps. Efni erindis er að brýna sveitarstjórnarfólk í málefnum sveitar og minna á þau sjónarmið sem bréfitari hefur haldið á lofti á fundum og víðar.

Til máls tók Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn þakkar bréfitara erindið og vísar því til landbúnaðarnefndar og atvinnu- og ferðamálanefndar til umfjöllunar.

Samþykkt samhljóða.

11. Tilnefning varamanns í Barnaverndarnefnd Þingeyinga.

Lagt er til að Sólrún Arney Siggeirsdóttir verði varamaður í barnaverndarnefnd Þingeyinga.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að Sólrún Arney Siggeirsdóttir verði varamaður í barnaverndarnefnd Þingeyinga, skv. samkomulagi við Svalbarðshrepp sem tilnefnir aðalmann.

12. Aðalfundur Fjallalambs 29. apríl nk. fundarboð, dags. 18. apríl 2017

Fundarboð lagt fram.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að sækja aðalfundinn, ef mögulegt er vegna annarra verkefna.

Samþykkt samhljóða.



Varaoddviti lagði til að þar sem Magnús Jónsson endurskoðandi Langanesbyggðar var ekki mættur þegar umræðu um lið 12 lauk að taka 14. og 15. dagskrárliði fram fyrir 13. lið. Borið undir fundinn og samþykkt samhljóða.

13. Ársreikningur 2016 – Fyrri umræða

Magnús Jónsson endurskoðandi Langanesbyggðar kom á fundinn og fór yfir niðurstöður ársreiknings 2016 og lykiltölur.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2016 námu rekstrartekjur A og B hluta 814,7 m.kr. samanborið við 741,1 m.kr. á árinu 2015. Hækkun milli ára nemur því um 9,9%.

Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir námu á árinu 2016 686,5 m.kr. en voru 646 m.kr. á árinu 2015. Hækkun frá fyrra ári nemur 6,1%.

Laun og launatengd gjöld voru 434,6 m.kr. árið 2016 samanborið við 410 m.kr. árið 2015. Hækkunin frá fyrra ári nam 6%. Annar rekstrarkostnaður nam 252 m.kr. árið 2016 samanborið við 236 m.kr. 2015. Hækkunin frá fyrra ári nam 6,8%.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld hækka á milli ára. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A og B hluta árið 2016 voru 35,7 m. kr. en voru árið 2015 alls 33,4 m.kr. Ebita fyrir árið 2016 var 128 m.kr. en fyrir árið 2015 var hún 95,4 m.kr.

Samkvæmt sjóðstreymisýfirliti ársins 2016 nam veltufé frá rekstri 104,5 m.kr. samanborið við 72 m.kr. á árinu 2015.

Rekstrarniðurstaða ársins 2016 er því jákvæð um 41 m.kr. fyrir A og B hluta, en var 8,6 m.kr. árið 2015.

Skuldahlutfall A og B hluta Langanesbyggðar var í árslok 2016, 87% en var 81% í árslok 2015 og 90% í árslok 2014. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr.138/2011 má skuldahlutfall ekki vera hærra en 150%.

Bókun um afgreiðslu: Um leið og sveitarstjórn þakkar starfsfólki Langanesbyggðar góðan árangur í rekstri sveitarfélagsins er lagt til að ársreikningi 2016 verði vísað til seinni umræðu í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða

14. Skýrsla sveitarstjóra

Að frátöldum þeim verkefnum sem tíunduð eru hér að ofan þá hefur sveitarstjóri undanfarið unnið að og eða tekið þátt í eftirfarandi, ekki er hér um tæmandi lista að ræða heldur tæpt á því helsta.

Ljósleiðaravæðing Langanesbyggðar. Unnið hefur verið að útfærslu hugmyndar um áætlun vegna ljósleiðaravæðingar sveitarfélagsins. Sveitarstjóri hefur fundað með ráðgjöfum og mun tillaga verða lögð fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar til samþykktar eða synjunar.



Sorpmál. Áfram hefur verið unnið að framtíðarúrlausn sorpmála, drög að verksamningi eru tilbúin frá hendi sveitarfélagsins en aðilar hafa ekki náð saman um uppgjörsmál vegna fortíðar. Nú er unnið eftir og í samræmi við verksamning frá 2012. Sveitarstjóri hefur væntingar um að nú fari að draga að lúkningu og úrlausn. Unnið er að samningsgerð vegna umsjónar og urðunar á Bakkafirði ásamt og að unnið er að gerð starfsleyfis hjá Umhverfisstofnun.

Félag eldri borgara. Fundað hefur verið með fulltrúum Félags eldri borgara við Þistilfjörð, fundurinn var í framhaldi af afgreiðslu sveitarstjórnar þann 16. mars sl. Fundinn sátu þrír fulltrúar félagsins, oddvitar beggja sveitarfélaga og sveitarstjórar. Umræður voru góðar, fram kom vilji félagsins varðandi félagsaðstöðu en hún hefur verið óviðunandi um all mörg ár að þeirra mati. Unnið er að útfærslu hugmynda sem fram komu á fundinum og verður fundað aftur fljótlega með fulltrúum félagsins og mál kynnt fyrir sveitarstjórn.

Nýbygging leikskóla. Unnið hefur verið að útfærslu hugmynda vegna nýbyggingar leikskóla í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar þann 5. apríl sl. Fundað hefur verið með verkefnisstjóra ásamt og að óskað hefur verið eftir því við leikskólastjóra að hún komi að vinnunni. Verið er að leggja drög að ferð verkefnisstjóra hingað norður til að funda með leikskólastjóra og starfsfólki. Vonir standa til að hægt verði að kynna frumdrög innan fárra vikna.

Finnafjörður. Áfram hefur verið unnið að málefnum Finnaafjarðar í samræmi við bókanir, fundargerðir og áður fluttar skýrslur. Samskipti hafa verið við fulltrúa bremenports og aðra aðila máls vegna útfærslu ramma í kring um þau félög sem stofna þarf og samstarfs þeirra í milli. Einnig hafa verið í gangi samskipti við ríkið vegna óska sveitarfélaganna um fjárstuðning vegna málsins. Það er að mati sveitarstjóra mjög mikilvægt að ríkið komi myndarlega að enda eru sveitarfélögin ekki með fé á lausu til að útfæra þau um margt flóknu mál sem nú þarf að vinna og ljúka. Það er mat sveitarstjóra að sú vinna sem nú er í gangi sé grunnurinn að öllu framhaldi og því gríðarlega mikilvægt að vanda mjög til verka. Sveitarstjórn verður kynnt vinna undanfarinna vikna með formlegum hætti á allra næstu vikum.

Sundlaug. Fyrir ekki löngu kom upp bilun í hitatúbu í íþróttamiðstöð (sundlaug) og þurfti að endurnýja hana. Valin var túba í samráði við ráðgjafa okkar í varmadæluverkefninu og þess gætt að hún nýttist eftir þær breytingar sem unnið er að útfærslu. Staða þess verkefnis er að nú er unnið að greiningu og forhönnun. Skoðun sveitarstjóra er að of hægt hafi gengið við hönnun varmadælukerfis, þeirri skoðun hefur verið komið á framfæri við rágjafa.

Önnur mál. Ýmis verkefni vorsins eru komin í gang, bjargnytjar hafa verið auglýstar, sótt hefur verið um í styrkvegasjóð, verið er að leggja drög að verkefnalistum vegna umhverfisúrbóta og viðhalds mannvirkja í eigu sveitarfélagsins, starfsúmsóknir vegna sumarstarfa eru byrjaðar að berast og svo framvegis



15. U-listinn, fyrirspurnir og upplýsingar.

- a. Sorpmál í Langanesbyggð, staða mála, með vísan í skýrslu sveitarstjóra.
Til máls tóku Karl Ásberg, Þorsteinn Vilberg og Elías Pétursson.
- b. Leikskóli, staðsetning
Björn Guðmundur lagði fram svohljóðandi tillögu:
U-listinn leggur til að haldinn verði íbúafundur um hvar eigi að byggja nýjan leikskóla og að á hann verði fenginn Ingvar Sigurgeirsson sem hefur komið að málinu frá upphafi. Með slíkum fundi mun íbúum gefast kostur á að bera fram spurningar til viðkomandi fagaðila, sem og að sveitarstjórn mun verða upplýst um vilja fólksins.
Þorsteinn Ægir óskaði eftir fundarhléi. Fundarhlé samþykkt kl. 17:40.
Fundur settur að nýju kl 17:45.
Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.
Hulda Kristín lagði fram svohljóðandi bókun:
Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir að halda íbúafund þar sem þeim fagaðilum sem koma að verkefninu verði boðið á fundinn.
- c. Leikskólamál Bakkafirði, staða mála
Til máls tóku Björn Guðmundur og Elías Pétursson.
Björn Guðmundur lagði fram svohljóðandi bókun:
Samkvæmt upplýsingum sem U-listinn hefur aflað sér hjá foreldrum leikskólabarna á Bakkafirði, þá hefur sveitarstjóri ekki fundað með þeim og hefur þeim ekki verið sagt upp plássinu, einungis tjáð að loka ætti leikskólanum í sumar. U-listinn hvarmar þessi vinnubrögð og sérstaklega þar sem ekki hefur verið leitað lausna fyrir þessi börn. Nú hafa foreldrar allra þessara barna leitað til Vopnafjarðarhrepps um leikskólapláss og á sama tíma eru laus pláss í leikskólanum á Þórshöfn.
Þorsteinn Ægir óskaði eftir fundarhléi. Fundarhlé samþykkt kl 17:50.
Fundur settur að nýju kl. 17:56.
Hulda Kristín lagði fram svohljóðandi bókun:
Meirihluti sveitarstjórnar vill koma því á framfæri að bókun U-listans er í meginatriðum röng lýsing á stöðu mála leikskólans á Bakkafirði. Verið er að leita lausna fyrir þá foreldra sem nýtt hafa sér leikskóladeildina á Bakkafirði.
- d. Mál eldri borgara
Björn Guðmundur lagði fram svohljóðandi bókun:
U-listinn óskar eftir ástæðu fyrir því að allir fulltrúar sveitarstjórnar hafi ekki verið boðaðir á fund með eldri borgurum þar sem óskað var eftir því sérstaklega.
Til máls tók Elías Pétursson. Hann sagði að oddvitar beggja sveitarfélaganna hefðu ákveðið að halda fyrst fund með félagi eldri borgara til að heyra þeirra væntingar. Þeir töldu að það væri eðlilegur framgangur mála til að byrja með.



Það sem kemur út úr vinnu í kjölfar fundarins verður síðar efni til fundar með báðum sveitarstjórnnum, eins og félag eldri borgara óskaði upphaflega eftir.

Fundagerðin upplesin og samþykkt samhljóða. Fundi slitið kl. 19:34.